

**123. fundur stjórnar Náttúrustofu Vestfjarða (NAVE) haldinn að Aðalstræti 12,
Bolungarvík miðvikudaginn 17. júlí 2019 og hófst hann kl. 13:15.**

Fundinn sátu:

Smári Haraldsson (SH) formaður, Friðbjörg Matthíasdóttir (FM) verkefnastjóri, Sigríður Gísladóttir (SG) og Þórir Sveinsson (ÞS).

Fundargerð ritaði: Þórir Sveinsson.

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar.

Lögð fram fundargerð 122. fundar stjórnar NAVE frá 22. maí og 24. maí 2019. Fundargerðin staðfest samhljóða.

2. Starfsmannamál.

Rætt um starfsmannamál og bókað í trúnaðarbók.

3. Samstarf við Vestfjarðastofu.

FM kynnti stöðu viðræðna við forstöðumann Vestfjarðastofu vegna umhverfissvottunar sveitarfélaga. FM falið að vinna áfram að málinu.

4. Samningur við umhverfis- og auðlindaráðuneytið.

Lagður fram samningur við umhverfis- og auðlindaráðuneytið vegna fuglavöktunar á Vestfjörðum á árunum 2019-2021. Alls eru framlög til verkefnisins 20 millj.kr. Samningurinn samþykktur samhljóða.

5. Verkefnastaða og fjármál.

Farið var yfir verkefnastöðu NAVE, styrkveitingar og umsóknir og um stöðu fjármála. Fram kom að RANNIBA (Rannsóknar- og nýsköpunarsjóður Vestur-Barðastrandarsýslu) hefur veitt NAVE tvo styrki að upphæð 2 millj.kr. til rannsókna á botndýralífi fyrir og eftir efnistöð á kalkþörungum og til vöktunar á sjávarlúsum á villtum laxfiskum í Patreksfirði.

6. Önnur mál.

Tvö bréf lögð fram þar sem óskað er umsagnar Nave:

- a. Frá Bolungarvíkurkaupstað varðandi breytingu á deiliskipulagi með tilkomu útsýnispalls á Bolafjalli.
- b. Frá Umhverfisstofnun um friðlýsingu landssvæðis við Dranga í Árneshreppi á Ströndum.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 15:25.

Smári Haraldsson (sign.).
Friðbjörg Matthíasdóttir (sign.).
Sigríður Gísladóttir (sign.).
Þórir Sveinsson (sign.).